

## Tré í Hafnarfirði sem hafa á einhvern hátt sérstakt gildi vegna ræktunarsögu, stærðar, vaxtarlags, tegundar og þess háttar.

### Evrópulerki - *Larix decidua*

1. Ölduslóð 21: Sérstakt vaxtarlag (sátulaga). Sjaldgæf tegund í bænum. Tréið er ekki stórt en orðið nokkuð gamalt. Stendur fyrir framan húsið út við götuna.

### Síberíulerki / Rússalerki - *Larix sibirica* / *L. sukaczewii*

1. Arnarhraun 46: Beinvaxið áberandi tré út við götuna. Hús byggt 1957. Mælt 2002 - hæð: 9,1 m Ummál í brjósthæð 70 sm.

2. Kirkjuvegur 3: Beinvaxið glæsilegt tré. Af sumum talið vera evrópulerki en er að öllum líkindum síberíulerki. Húsið er byggt 1923 af Bjarna Snæbjörnssyni lækni og konu hans Helgu Jónasdóttur. Hæð árið 2001: 11,6 m

3. Opið svæði milli Hverfisgötu og Austurgötu (fyrir ofan Austurgötu 11): Fallegt áberandi lerki á almenningsvæði. Orðið nokkuð hátt.

4. Siggubær: Tvö tré standa sunnan við húsið. Þau eru gróðursett árið 1926. Tréin eru ekki eins stór og maður skildi halda miðað við aldurinn enda standa þau sjálfsagt á klöpp.

### Sitkagreni / Sitkabastarður - *Picea sitchensis* / *P. x lutzii*

1. Tjarnarbraut 17: Gróðursett 1950. Fengið í Hellisgerði hjá Ingvari Gunnarssyni. Tréið stendur á bakvið húsið. Þau sem gróðursettu tréið búa þarna ennþá, þau Kristinn Guðjónsson húsgagnasmiður og Tony Möller. **Hæð árið 2002: 17,8 m** og ummál í brjósthæð 1,51 m. Er **hæsta tré í bænum** sem vitað er um!

2. Mánastígur 6: Þar búa Páll Pállsson og Sigrún Reynisdóttir. Tré frá því um 1950. Hæð árið 2002: 14 m og ummál í brjósthæð 1,4 m.

3. Arnarhraun 40: Þar búa Sigríð Foss og Guðmundur Jónsson. Gróðursett 1961. Um er að ræða fleiri en eitt tré sem er bakvið húsið. Það hæsta var mælt árið 2002: 12,6 m og ummál í brjósthæð 1,32. Kannski ekki sérstök tré þannig lagað!

4. Lækjarkinn 8: Þar búa Helga Birna Gunnarsdóttir og Axel Krísjánsón. Hermann Ólafsson byggði húsið árið 1955. Grenið gróðusettt skömmu seinna. Tréið er áberandi alveg út við götu. Hæð árið 2002 12,9 og ummál í brjósthæð 1,52 m.

5. Grænakinn 26: Húsið byggt 1958 af Guðjóni heitnum Sigurfinssyni. Grétar Guðjónsson býr hér í dag. Grenið gróðursett upp úr 1960. Hæð árið 2002: 14,6 m og ummál í brjósthæð: 1,23 m. Þetta er flott tré á bakvið húsið.

**6. Brattakinn 20:** Húsið byggt 1952/1953. Hér bjó Helgi Helgason netagerðameistari frá Brandsbæ. Á bakvið húsið eru tvö greni. Annað er nokkuð sérstakt vegna þess hve nálarnar standa þétt og smágreinarnar hanga.

Aðalsteinn Sigurgeirsson skógerfðafræðingur og forstöðumaður Rannsóknarstöðvar Skógrætkar ríkisins á Mógilsá hefur skoðað tréið og segir að hér sé um sitkagreni að ræða. Tréið var mjög illa farið vegna sitkalúsar haustið 2003, því miður. Hæð árið 2002: 13,45 m og ummál í brjósthæð 1,2 m. Tréið er trúlega frá Skuld.

**7. Öldugata 11:** Stórt tré bakvið hús. Hæð árið 2000: 14,6 m og þvermál í brjósthæð 48,5 sm.

**8. Brekkugata 12:** Garður Gunnlaugs heitins Kristmundssonar. Þar er stórt og mikið greni. Hæð árið 2002: 17,2 m og þermál í brjósthæð 47 sm.

**9. Skúlaskeið 10:** Húsið byggðu þau hjónin Sigurbjartur Vilhjálmsson og Þuríður Magnúsdóttir. Trúlega gróðursett í kringum 1960. Tréið mun hafa verið fengið hjá Ólafi bróður Bjartar sem var lengi aðal forystumaður skógræktarfélags Hafnarfjarðar. Grenið er bakvið hús við Nönnustíginn. Hæð árið 2001: 14,3 m og ummál í brjósthæð 1,35 m.

**10. Norðurbraut 33:** Húsið er byggt 1954. Þar eru tvö glæsileg greni. Hæð árið 2001: 14,25 m og 13,75 m og það lægra 1,23 m í ummál í brjósthæð.

**11. Suðurgata 70:** Tvö stór og áberandi greni standa fyrir neðan húsið. Áberandi frá Strandgötunni.

**12. Smárahvammur 14 og 16:** Gamli grenilundurinn fyrir neðan þessi hús er náttúrulega alveg sér á báti.

**13. Austurgata 10:** Þar á bakvið húsið stendur mjög sérstakt mjóslegið greni, meðalhátt.

**14. Austurgata 25:** Þarna standa nokkur mjög falleg greni í röð á bakvið húsið. Hæð hæsta trésins árið 2002: 16,1 m og ummál í brjósthæð 1,41 m.

### **Blágreni - *Picea engelmannii***

**1. Stekkjarkinn 13:** Þar búa Elín og Jón Strandberg. Hæð árið 2002: 7 m og ummál í brjósthæð 45 sm. Stendur í skoti við húsið. Svo sem ekkert spes tré nema vegna þess hve lítið er um gömul blágreni í bænum.

**2. Hafnarfjarðarkirkjugarður:** Vestarlega í garðinum er glæsilegt meðalhátt blágreni, mjög áberandi þar sem það stendur svo eitt og sér. Virðist ótrúlega heilbriggt. Blágreni virðist mjög sjaldgæft í eldri hverfum bæjarins.

### **Döglingsviður - *Pseudotsuga menziesii***

1. Hellisgerði: Einn er í Hellisgerði skammt frá þar sem gengið er niður að gosbrunninum. Mjög sjaldgæft tré á landsvísu. Þetta eintak er flott, skakkt! Virðist hafa vaxið mikið undanfarið og hefur komið með köngla. Gamalt tré. Verður að vernda!!!!!!

### **Garðahlynur - *Acer pseudoplatanus***

1. Suðurgata 45: Trúlega gróðursettur um 1930. Hæð árið 2000: 11,2 m og þvermál í brjósthæð 49,5 sm. Glæsilegasti hlynur bæjarins. er bakvið hús.

2. Vesturbraut 21: Hér bjó Ísleifur Guðmundsson og mun hann trúlega hafa gróðursett hlyninn í kringum 1920. Hæð árið 2001: 8,4 m. Krónan er mjög umfangsmikil.

3. Tjarnarbraut 3: Nokkuð hár hlynur, beinvaxinn og einstofna. Nýtur sín vel. Þarna búa m.a. séra Gunnþór Ingason og séra Þórhildur Ólafs.

4. Hverfisgata 62: Mest áberandi hlynur bæjarins. Sérstakur m.a. vegna þess að hann fær alltaf gulan haustlit fyrir lauffall meðan flestir hlynir á höfuðborgarsvæðinu hafa tilhneigingu til þess að frjósa grænir. Er því trúlega mjög físilegt foreldri fyrir hlynframleiðslu fyrir þetta svæði!

### **Hrossakastanía - *Aesculus hippocastanum***

1. Hellisgerði: Tvær gamlar kastaníur eru í Gerðinu. Eru nú hvorugar neitt spes en verða að fá að standa. Veit ekki um aðrar í bænum.

### **Rauðölur (-elri) - *Alnus glutinosa***

1. Álfaskeið 75: Hér bjó Ásthildur Magnúsdóttir, mamma Magga Gunn. Á bakvið húsið er mjög fallegur rauðölur sem hún fékk í gegnum Dalíuklúbb Garðyrkjufélags Íslands. Tréið er í örum vexti og er trúlega um 6 m í dag. Fremur sjaldgæf tegund á landsvísu.

2. Suðurgata 32: Sunnan megin við húsið stendur tiltölulega ungur rauðölur í örum vexti. Er trúlega á 5. meter. Hef ekki talað við húsráðendur um uppruna trésins.

### **Ilmbjörk (birki) - *Betula pubescens***

1. Hverfisgata 63: Einstaklega glæsilegt beinstofan tré. Stendur á bakvið húsið. Hæð árið 2000: 10,7 m og þvermál í brjósthæð 31,5 sm.

2. Hellisgerði: Mjög stórt og voldugt birki er rétt sunnan við gosbrunninn. Það er tvístofna. Hæð árið 2002: 10 m og ummál við jörð 188 sm og ummál í brjósthæð á austari boli 106 sm og 113 sm á vestari boli.

3. Suðurgata 33: Fallegt, áberandi stakstætt birki. Trúlega um 7 - 8 m á hæð.

4. Suðurgata 70: Fallegt tré með áberandi nornavöndum stendur fyrir norðan húsið.

5. Tjarnarbraut 5: Alveg beint, með hvítan börk. Krónan frekar lítil (aðþrengt). Hæð trúlega um 9 m.

### **Beyki - *Fagus sylvatica***

1. Hellisgerði: Í Gerðinu eru 4 gömul beyki. Þar af er eitt sem ber algerlega af (það sem er næst Reykjavíkurveginum). Hin eru nú alveg ágæt svosem. Það tré sem fæstir vita af er það sem stendur upp á hraunkambinum ofan í sprungu. Ekki er vitað um aldur beykitrjána en Magnafélagar hefjast handa í Gerðinu upp úr 1924. Tréin eru að öllum líkindum af dönskum uppruna. Þetta eru með merkustu trjám bæjarins en tegundin er sjaldgæf hér enda almennt talin of suðlæg til ræktunar hérlendis. Ekki veit ég um gömul beykitré annars staðar í bænum. Hæð stærsta trésins árið 2002: 7,5 m og þvermál í 1m hæð 46 sm.

### **Askur - *Fraxinus excelsior***

1. Grænakinn 26: Í garðinum eru 2 eða 3 asktré. Þau eru gróðursett upp úr 1970 og eru upprunin frá sænska Skerjagarðinum. Hæsti askurinn var mældur árið 2002: 5,6 m og ummál í brjósthæð 38 sm. Tegundin er mjög sjaldgæf í gördum bæjarbúa.

### **Fjallagullregn - *Laburnum alpinum***

1. Hellisgerði: Hæð árið 2001: 9,7 m og ummál við jörð 1,74 m. Glæsilegt tré. Lítið af gömlum fallegum gullregntrjám í bænum. Þetta tré hlítur að teljast með hæstu gullregnum á landinu.

### **Gráösp - *Populus x canescens***

1. Venusarhús - Strandgötu: Tréið stendur alveg út við Austugötuna (liggur þar á steinvegg). Þetta er að mínu mati eitt allra merkasta tré bæjarins. Tegundin er sárasjaldgæf á landinu og þetta ákveðna tré er trúlega það stærsta hér á landi. Tréið er gamalt, kannski 70 ára eða eldra. Hæð árið 2002: 10,5 m (10,9 m) og þvermál í 60 sm hæð 53,5 sm og 1,96 sm í ummál. Skógræktarfélag H.f. hefur eitthvað fjölgað þessu tréi.

2. Hellisgerði: Fjórar gráaspir eru í Gerðinu. Engin er eins glæsileg og sú sem

sagt er frá hér að ofan. Sú sem stendur við Skúlaskeið er ansi léleg. Hinar eru bara nokkuð góðar og tiltölulega hávaxnar.

### **Alaskaösp - *Populus trichocarpa***

1. Sjónarhóll við Reykjavíkurveg: Þessi stóra ösp er í gjótu á bakvið húsið. Hugsanlega getur verið um svokallaða 'Sælandsösp' að ræða en öspin er karlkyns. Sjónarhól yngri reistu þau hjónin Björn Eiríksson og Guðbjörg Jónsdóttir árið 1948. Trjárækt hófu þau allnokkru fyrr en þann hluta lóðarinnar þar sem öspin stendur eignuðust þau í kjölfar nýbyggingarinnar. Óvíst er um aldur asparinnar en trúlega er hún gróðursett á 6. áratug síðustu aldar. Hæð árið 2002: 17,2 m og þvermál í brjósthæð 34,5 sm. **Hæsta ösp í bænum** og næsthæsta tréið í bænum. Mógilsármenn tóku blómgreinar af þessari ösp vorið 2002 vegna víxlana í sambandi við rannsóknir á asparryði. Fékk vinnuheitið 'Björn'.

2. Hraunkambur 5: Tvær glæsilegar aspir standa framan við húsið. Sú hærri var mæld árið 2001 og reyndist vera: 13,35 m og ummál í brjósthæð 109 sm. Öspin er trúlega gróðursett 1973. Öspin er karlkyns en Mógilsármenn hafa tekið af henni blómgreinar til víxlana vegna asparryðsverkefnisins. Fékk vinnuheitið 'Vigfús' en Vigfús Sigurðsson og kona hans, Ásta Ólína Júníusdóttir reistu húsið 1930.

3. Gerðið við Gamla Lækjarskóla: Byggt 1908 af Sæmundi og Sigurveigu. Þetta er karlkynstré. Mógilsármenn hafa tekið af því blómgreinar til víxlana vegna asparryðsverkefnis. Fékk vinnuheitið 'Sæmundur'. Öspin er fengin frá Jóni í Skuld 1953. Hæð árið 2002: 15,6 m og ummál neðan við tvístofn 1,51 m. Skemmtilegt tré.

4. Álfaskeið 48: Gróðursett af Magnúsi Guðlaugssyni 1962. Þær voru upphaflega fleiri en þessi var sú eina sem lifði af aprílhretið fræga 1963. Öspin er fengin í Skuld á sínum tíma. Hæð árið 2002: 14,2 m og ummál í 60 sm hæð 1,6 m. Gríðarlega mikið og völdugt tré þó það sé ekki hærra. Þetta er kvenkynstré. Veit ekki til þess að því hafi verið fjölgað sérstaklega.

5. Kaldakinn 3: Húsið er byggt 1950. Þar búa Lilja Árna Sigurðardóttir og Sigurður Hákon Kristjánsson. Þau fluttu inn 1962. Þá voru 3 aspir í garðinum. Ein lifði af aprílhretið 1963 og er glæsilegt tré í dag. Hún stendur í bakgarðinum. Hefur ekki verið mæld.

6. Hamarsbraut 3: Þessi er margstofna, sjálfsagt vegna kals frá fyrrnefndu hreti 1963. Hún er rosa mikil um sig. Stendur nálægt húsi nágrenns. Spes tré.

### **Blæösp - *Populus tremula***

1. Hellisgerði: Smá þyrping er af blæösp sunnarlega í gerðinu rétt við Hellisgötuna. Trúlega er þetta "Garðsösp" þ.e.a.s. íslensk blæösp frá Garði

Fnjóskadal þó ég viti það ekki fyrir víst. Þær eru þarna á kletti og hafa sjálfsagt verið lengi. Sú hæsta er um 4 m.

2. Hafnarfjarðarkirkjugarður: Gömul blæösp er á einu leiði sem blasir strax við manni þegar maður fer inn í garðinn um aðalinnganginn frá Kaldárselsveginum. Er svona meðalhá af blæösp að vera. Verður mæld í haust þegar við förum trjámælingar-ferðina okkar laugardaginn 4. september.

### **Heggur - *Prunus padus***

1. Siggubær: **Þetta er elsta lifandi tré bæjarins** sem vitað er um. Í greininni "Trjárækt í Hafnarfirði" sem birtist í Garðyrkjuritinu 1980 ritar Gísli Sigurðsson: "Heggurinn í garði Sigríðar Erlendsdóttur var gróðursettur árið 1913. Plantan var fengin frá Einari Helgasyni í Gróðrarstöðinni. Einnig fékk hún reyniviðarhrislur en þær hafa ekki dafnað vel. Það var ekki fyrr en 1926 að hún setti niður lerkitrén, sem standa hvort sínum megin við gluggann á bænum". Heggurinn við Siggubæ er ekki hávaxinn í dag og ekki ósennilegt að það sem stendur af honum í dag séu stofn- eða rótarskot af upprunalega trénu.

2. Brekkugata 12: Gamall og nokkuð umfangsmikill heggur stendur út við götuna og er nokkuð áberandi. Þarna bjó Gunnlaugur heitinn Kristmundsson sandgræðslustjóri. Trúlega stærsti heggur bæjarins. Hefur ekki verið mældur.

### **Selja - *Salix caprea***

1. Reykjavíkurvegur 39 - Tunga: Falleg selja stendur út við Norðurbrautina. Hefur óvenjulega smágert lauf miðað við þá selju sem mest er ræktuð í dag. Hæð árið 2001: 7,7 m. Selja þessi er gróðursett fyrir 1965. Mjög lítið virðist vera af gamalli selju í bænum.

### **Vesturbæjarvíðir - *Salix x smithiana***

1. Skúlaskeið 3 - Háþær: Austan við húsið stendur þessi rosafloppi víðir. Trúlega flottasti vesturbæjarvíðir á landinu (að margra mati). Háþær er byggður 1921 og trúlegt má telja að víðirinn hafi verið gróðursettur nokkru síðar en tegundin kom til landsins sem tágakarfa frá Þýskalandi upp úr aldamótunum 1900! Hæð árið 2002: 8,25 m (hugsanlega hærrí!) og þvermál í brjósthæð 34,5 sm. Þetta er tré sem verður að varðveita. Skógræktarfélag Hafnarfjarðar hefur fjölgað þessu tréi með græðlingum.

### **Reyniviður - *Sorbus aucuparia***

1. Suðurgata 27: Um er að ræða þrjú tré sem standa framan og sunnan við húsið. Þetta eru **næstelstu tré** bæjarins sem vitað er um. Júlíus V.J. Nýborg reisti sér hús þarna 1920. Árið eftir gróðursetti hann svo fyrstu reyniviðarhrislunar. Hæð trjánna árið 2002 mældist sem hér segir: 12,6 m, 12, 55

m og 12,8 m. Ummál tveggja trjáa af þessum þremur í brjósthæð reyndist vera, en þau eru öll tvístofna: tré A: 143 sm og 143 sm. Tré B: 117 sm og 121 sm. Þetta eru með allra hávöxnustu reynitryám á landinu og hafa mér vitanlega ekki mælst hærrí í Reykjavík. Þessi tré virðast vera í nokkuð góðu ásigkomulagi. Þetta eru tré sem þarf að standa vörð um. Skógræktarfélag Hafnarfjarðar hefur safnað fræi af þessum tryám og sáð til plantna.

**2. Hellisgata 3:** Þetta er stórt og stæðilegt tré á bakvið húsið. Hæð árið 2001: 10,7 m og ummál við jörð 1,5 m. Þótt reyniviður sé mjög algengt garðtré, sérstaklega í eldri görðum er ótrúlega lítið um framúrskarandi tré. Flest eru meira og minna sýkt og mörg illa farin af reyniátu.

### **Gráreynir - *Sorbus hybrida***

**1. Sunnuvegur 6:** Hér bjó Hákon Helgason kennari og arfleiddi hann Skógrækt ríkisins að eigininni. Bjó Sigurður Blöndal þáverandi skógræktarstjóri um hríð á þessum stað. Mjög fallegur, nokkuð hár, einstofna gráreynir stendur á bakvið húsið. Tegund þessi er ekki mjög víða í bænum.

### **Silfurreynir - *Sorbus intermedia***

**1. Merkurgata 7:** Hér býr Rebekka Ingvarsdóttir. Tréið var fengið hjá Ingvari Gunnassyni (hann var fyrsti formaður Skógræktarfélags Hafnarfjarðar) árið 1931. Hæð árið 2001: 6,4 m og ummál í brjósthæð 178 sm!. Glæsilegt tré sem stendur á bakvið húsið. Silfurreynir er mjög algengur í eldri hverfum bæjarins og mörg tré falleg. Erfitt að velja einhver út úr. Virðist yfirleitt heilbrigður.

### **Álmur - *Ulmus glabra***

**1. Sunnuvegur 6:** Sjá gráreynir hér að ofan. Einn álmur stendur í bakgarðinum. Svona þokkalegur en ekki meira en það en þar sem tegundin er mjög sjaldgæf í bænum verður þessi að teljast nokkuð merkur (er alla vega hæsti álmur í bænum!). Hæð árið 2000: 11,3 m og þvermál í brjósthæð 36,5 sm.

**Athugasemdir:** Hér er ekki um neina tæmandi úttekt að ræða. Skógræktarfélag Hafnarfjarðar hefur staðið fyrir þremur svokölluðum haustgöngum, þ.e. haustin 2000, 2001 og 2002, þar sem farið hefur verið um elstu hverfi bæjarins og leitað að háum eða á annan hátt merkum tryám. Við höfum lagt á okkur nokkra undirbúningsvinnu við þetta eins og geta má nærri við söfnun heimilda og haft tal af fjölda garðeigenda. Skógfræðingar og mælingarmenn frá Skógræktarfélagi Íslands hafa verið með í för í þessum ferðum og annast mælingar með hjálp annarra göngumanna og starfsfólks Sk.f. H.f. Þannig má segja að áhugi okkar hafi vaknað á þessu máli. Við fögnum því mjög að bæjaryfirvöld ættli að fylgja þessu starfi eftir með skrásetningu og kortlagningu merkra trjáa í bænum.

Með von um áframhaldandi gott samstarf:  
Steinar Björgvinsson - Skógræktarfélagi H.f.